

Borgarstjórn
21. mars 2017

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um viðræður við ríkið vegna Sundabrautar

Borgarstjórn samþykkir að hefja viðræður við innanríkisráðuneytið um Sundabraut. Markmið viðræðnanna fælist í því að að vinna að arðsemismati og kostnaðargreiningu, ákvarða endanlega úrfærslu og legu brautarinnar og tímasetja framkvæmdina.

Greinargerð:

Gert hefur verið ráð fyrir Sundabraut í aðalskipulagsuppráttum Reykjavíur frá 1975. Við upphaf íbúabyggingar í Grafarvogi á fyrri helmingi 9. áratugarins var þá þegar gert ráð fyrir að lagning Sundabrautar yrði ein meginforsendan fyrir byggð þar. Auk þess var Sundabraut talin ein meginforsendan fyrir sameiningu Reykjavíkur og Kjalarneshrepps á sínum tíma. Allt bendir til þess að arðsemi af slíkum framkvæmdum verði mikil. Brautin yrði mikilvæg tenging við Grafarvog, eitt fjölmennasta hverfi borgarinnar. við iðnaðarsvæðið á Esjumelum og mikilvægt öryggisatriði ef kæmi til þess að rýma þyrfti stóran hluta borgarinnar á skömmum tíma.

Sundabraut var síðast slegið á frest með samgöngusamningi Reykjavíkurborgar og ríkisins árið 2012 en þá var fyrirhugaðri lagningu frestað um heilan áratug eða til ársins 2022. Engu að síður er enn gert ráð fyrir Sundabraut í núverandi aðalskipulagi. Nú á síðustu misserum hefur farið fram mikil skipulagsvinna í Elliðavogi og í Gufunesi og því er nauðsynlegt og löngu tímabært að ákveða endanlega legu og útfærslu brautarinnar svo aðrar skipulagsákvæðanir útiloki ekki hugsanlega besta kost í þeim efnum.